# Skoðunar- og skemmtiferð til Mexico

**Þjórfé:** u.þ.b. 5 EUR en hægt er að greiða í innlendum gjaldmiðli. **Innifalið**: Öll flug, innanlands- og millilandaflug, allar ferðir, matur skv. dagskrá, hótel, aðgangseyrir inn á söfn, fararstjórn innfæddra.
**Ekki innifalið**: Þær máltíðir sem ekki er minnst á í dagskrá, drykkir, þjórfé.

## Dagskrá

**(ath. einstakir atburðir í dagskrá geta tekið einhverjum breytingum)**

| | | |
|---|---|---|
| Dagur 1. (6. nóv.)<br>Keflavík – París - Mexíkóborg | Flogið með Flugleiðum snemma morguns og lent París um hádegi. Flogið til Mexíkó seinni part dags og lent kl. 21.20 í Mexíkóborg.<br><br>Hótel: Galería Plaza |  |
| Dagur 2. (7. nóv.)<br>Mexíkóborg | Að loknum morgunverði haldið í skoðunarferð um borgina. Heimsækjum hina fornu miðju borgarinnar sem er á Heimsminjaskrá: ráðhúsið, dómkirkjuna, Listasafnið o.fl. Eftir miðdegisverð förum við aftur til hótels. Þiggjum svo heimboð hjá ræðismanni Íslands í Mexico og þar eftir verður sameiginlegur kvöldverður<br>Hótel: Galería Plaza |  |
| Dagur 3. (8. nóv.)<br>– Mexíkóborg - Teotihuacán – Maríu basilíkan í Guadalupe | Að loknum morgunverði haldið til mikilvægusta og þekktasta staðar í Mexico, fornleifarnar í Teotihuacán, hinni fornu borg Aztekanna. Hádegisverður og að honum loknum er haldið til basilíkunnar í |  |

| | | |
|---|---|---|
| | Guadalupe sem er sú áhugaverðasta í landinu. Haldið heim á hótel seinni partinn. Frjáls tími um kvöldið. | |
| Dagur 4. (9. nóv.) – Mexíkóborg | Eftir morgunmat heimsækjum við Mannfræðisafnið sem er það merkasta í heimi. Eftir það frjáls dagur. Hótel: Galería Plaza |  |
| Dagur 5 (10.nóv.) – VillaHermosa - Palanque | Eftir morgunverð haldið til flugvallar og flogið (1 klst. og 30 mín.) til Villahermosa og þaðan haldið til La Venta garðsins og safnsins. Hádegisverður. Eftir það frjáls dagur. Gist í VillaHermosa. |  |
| Dagur 6 (11.nóv.) Palanque. | Eftir morgunverð verður haldið til Palenque og mögulegt að heimsækja Misol-há fossana og Agua Azul (bláa vatnið). Eftir það afslöppun fram að kvöldverði sem er innifalinn. Hótel: Ciudad Real – Hotel Palenque. |  |
| Dagur 7 (12.nóv.) – Palanque / Campeche | Eftir morgunverð haldið á vit hinna fornu Mayja í Palenque og þaðan, eftir hádegisverð, haldið til Campeche. Innritað á hótel seinni partinn. Hótel: Gamma Campeche hotel |  |

| | | |
|---|---|---|
| Dagur 8 (13.nóv.) – Campeche – Uxmal - Merida | Eftir morgunverð haldið til Uxmal, annars af tveimur þekktum stöðum frá tímum Mayjanna og þaðan, eftir hádegisverð, haldið til Campeche. Innritað á hótel seinni partinn og eftir hádegisverð er haldið til Merida og skráum okkur inn á hótel og skoðunarferð um kvöldið um nágrennið.<br>Hótel: Courtyard by Marriott Merida |  |
| Dagur 9 (14.nóv.) – Merida – Chichen Itza - Cancun | Eftir morgunverð haldið til Chichen Itza en þar er að finna merkustu ummerki um stórveldi Mayjanna. Þar gefst svo tækifæri að líta á vatnsupprettu – og hægt að taka sund. Þaðan er svo haldið til Cancun og innritað á hótel.<br>Hótel: Fiesta Americana Condesa Cancun<br>Fullt fæði. |  |
| Dagur 10 og 11 (15 - 16.nóv.) – Cancun | Frjáslir dagar í Cancun. Miklir möguleikar á stuttum ferðum þaðan. Tilkynnt síðar. Allt innifalið – matur og drykkur. |  |
| Dagur 12. (17. nov.) - Cancun | Frjáls dagur í Cancun. Allt innifalið.<br>Miklir möguleikar á stuttum ferðum þaðan. Tilkynnt síðar. Allt innifalið – matur og drykkur. | |

| | | |
|---|---|---|
| | | |
| Dagur 13. (18. nov.)– Cancun – Mexíkóborg – París | Morgunmatur og flug um hádegi frá Cancun til Mexíkóborgar og svo þaðan til Parísar um kvöldið. Lent í París daginn eftir og um kvöldið flug til Íslands. | |